

Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í alpagreinum í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

	2021/2022	2022/2023	2023/2024
Fullorðinsflokkur (FIS)	Allir 2005 og eldri	Allir 2006 og eldri	Allir 2007 og eldri
18-20 ára (FIS)	2001 og 2003	2002 og 2004	2003 og 2005
16-17 ára (FIS)	2004 og 2005	2005 og 2006	2006 og 2007
14-15 ára	2006 og 2007	2007 og 2008	2008 og 2009
12-13 ára	2008 og 2009	2009 og 2010	2010 og 2011

Fjöldi móta skal vera eftirfarandi:

16 ára og eldri (FIS)	Fjögur bikarmót (4x SL, 4x GS) auk SMÍ
14-15 ára	Tvö bikarmót (2x SL, 2x GS) auk UMÍ
12-13 ára	Tvö bikarmót (2x SL, 2x GS) auk UMÍ

2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslitum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alpagreinanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alpagreinanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanefnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur alpagreinanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
4. Innheimt eru keppnisgjöld skv. Gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.

Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þáttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.

5. Verðlaun á bikarmótum:

Fullorðinsflokkur (FIS)*	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
--------------------------	-----------------------------

16-17 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
14-15 ára**	15% af ráshóp
12-13 ára**	15% af ráshóp

*ekki skal veita sérstöku verðlaun fyrir FIS mót. Einungis eitt sett af verðlaunum fyrir allan fullorðins flokkinn.

**Verðlaun verða ekki fleiri en 15% af fjölda ráshóps þó ekki færri en þrjú og ekki fleiri en sex verðlaun í hverjum flokki.

Verðlaun í lok hvers tímabils fyrir bikarmeistara:

Fullorðinsflokkur (FIS)	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
18-20 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
16-17 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
14-15 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
12-13 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

6. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af annað hvort SKÍ eða FIS skv. Reglugerð um eftirlitsmenn.
7. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS.

Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í alpagreinum í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita nema þriðja grein á UMÍ og SMÍ.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

Verði keppendur jafnir í stöku móti skulu þeir fá jafnmörg stig sem samsvara hærra/hæsta sæti þeirra.



3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
5. Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu iðkenda hvers félags eða héraðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki, eftir hvert mót. Hvert félag eða hérað safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu eða héraðinu í eftirtöldum flokkum verðlaun:
 - 12-15 ára (bæði kyn saman).
 - 16 ára og eldri (bæði kyn saman).

*Samþykkt á skíðaþingi 30.október 2021
Breytt á Skíðaþingi 2022*